



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara

Reykjavík, 8. júní 2020

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997 (mótframlagslán) (843. mál)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til þess að veita frumvarpinu umsögn. Frumvarpið felur í sér að Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins verði heimilt að veita mótframlagslán til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja sem hafa orðið fyrir búsjfjum eða rekstrarörðugleikum vegna COVID-19 efnahagskreppunnar. Gert er ráð fyrir að lánin verði veitt gegn mótframlagi íslenskra vísisjóða, að lánin verði á sömu kjörum og fyrirtækjunum býðst frá einkasjóðum og að þau verði eingöngu í boði árið 2020. Viðskiptaráð tekur í grundvallaratriðum undir efni frumvarpsins og telur hér um nauðsynlega ráðstöfun að ræða.

Ráðið tekur undir þau sjónarmið sem rakin eru í greinargerð, að vandi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja sé frábrugðinn þeim vanda sem önnur rótgrónari fyrirtæki standa frammi fyrir, þ.e. að sprotafyrirtæki glími einkum við erfiðleika við fjármögnun vegna breyttra aðstæðna í samfélaginu eða lakari lausafjárstöðu vegna tímabundinna breytinga á rekstrarumhverfinu. Fyrirtækin hafa því aukna fjármagnspörf og eru mótframlagslán skynsamleg ráðstöfun til þess að mæta þessum tvíþætta vanda.

Því má velta upp hvort umfang ráðstöfunarinnar kunni að vera of lítið. Hámarksfjárheimild sem veitt er til úrræðisins er 500 milljónir króna en gróft mat Viðskiptaráðs á fjölda fyrirtækja sem gætu þurft að nýta sér úrræðið bendir til þess að þau séu um 30-40 talsins. Ef fjármagn dreifist jafnt á fyrirtækin mun hvert fyrirtæki aðeins hljóta á bilinu 12,5-17 milljónir króna lán, sem er ekki há upphæð í rekstri fyrirtækis, jafnvel sprotafyrirtækis.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að reynist eftirspurn eftir lánnum umfram hina 500 milljón króna fjárheimild til úrræðisins muni upphæð mótframlagsláns lækka hlutfallslega. Ef sprotafyrirtæki og vísisjóðir búast við að nýta þurfi úrræðið með hlutfallslegri lækkun skapast óhjákvæmilega hvati til að hækka lánveitingar vísisjóða til fyrirtækja í þeirri umleitan að sækja meira fjármagn í gegnum mótframlagslán. Ráðið veltir því fyrir sér hvort grípa þurfi til úrræða til þess að girða fyrir slíkt og setja einhverskonar hámark á lán sem koma til útreiknings til mótframlagslána. Erfitt er þó að fastsetja nákvæmlega hvert slíkt hámark ætti að vera enda kunna aðstæður sprotafyrirtækja að vera afar misjafnar. Að mati ráðsins þyrfti hámarkið því að taka mið af stærð og umfangi starfsemi hvers fyrirtækis.

Viðskiptaráð styður frumvarpið og vill áréttta að aðstæður sprota- og nýsköpunarfyrirtækja um þessar mundir krefjast þess að málið hljóti skjótan framgang og vonar því að málið nái fram að ganga sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,

Ísak Einar Rúnarsson

Sérfræðingur á hagfræðisviði Viðskiptaráðs Íslands